

Nr. 2/888.

Guðmundur Guðmundsson
gegn
Otta Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, upp kveðnum 28. júlímán. f. á., var áfrýjandi máls þessa, Guðmundur Guðmundsson, dæmdur til að greiða hinum stefnda, Otta Guðmundssyni, eptirstöðvar af höfuðstól og rentum eptir skuldabryjfi 10. nóv. 1873, að upphæð alls 190 kr. 34 au., og að auki 12 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur Guðmundur Guðmundsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 24. jan. þ. á., og krafizt þess, að hann verði dæmdur ómerkur, eða að öðrum kosti að áfrýjandi verði sýknaður, annaðhvort algjörlega eða þó að nokkru leyti; svo hefur hann og krafizt nægilegs endurgjalds á málskostnaði eptir mati rjettarins. Á hinn bóginn eru það rjettarkröfur hins stefnda í málinu, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að borga málskostnað fyrir yfirdómi, 50 krónur, eða eitthvað nægilegt eptir mati rjettarins.

Ástæðan fyrir ómerkingarkröfu áfrýjanda er sú, að hjeraðsdómarinn hafi eigi veitt honum þá leiðbeiningu í málinu, sem lögin áskilja. En dómsgjörðir aukarjettarins bera það með sjer, að áfrýjandi kynnti sjer öll sóknargögn hins stefnda í undirrjettinum hinn 10. júní f. á., að hann þá fram lagði viðunanlega ítarlegt varnarskjal, er stefndi ljet sjer nægja að. mótmæla með almennum orðatiltækjum, og að dómarinn þá leiddi athyglí málspartanna að því, að þeim bæri að

koma fram með skýrar og skýlausar yfirlýsingar um öll atriði málsins. Það verður nú eptir málavöxtum eigi álitid, að dómáranum hafi borið skylda til að leiðbeina áfrýjanda ítarlegar í málsvörninni, með því að hann eigi fór þess á leit, og verður því ómerkingarkrafa hans ekki tekin til greina.

Skuldarkrafa hins stefnda á hendur áfrýjanda er sönnuð með yfirlýsingu hins síðarnefnda, er hann hefur skriflega út gefið hinn 10. nóv. 1873, þess innihalds, að hann þá skuldi stefnda 520 kr. (=260 rdl.), að hann veðsetji fyrir skuldinni jörðina Leirárgarða og bú sitt, og að hann lofi að endurborga hana með vöxtum innan 10 nóv. 1874. Áfrýjandi hefur kannast við skuldabryf þetta, en vill halda því fram, að skuldin sje öll fyrir löngu endurborguð. Hinn stefndi hefur og kannast við, að hafa meðtekið upp í höfuðstól skuldarinnar:

1. Frá Þórði á Leirá, 8. júním. 1881	Kr. 216,00
2. — Lopti í Galtarholti, í sama mánuði	— 8,00
3. — Snæbirni Þorvaldssyni, 20. júlí 1881	— 200,00
4. Báts-andvirði, að sögn stefnda	— 70,00
	<hr/>
	= 494,00

Bátinn segist stefndi hafa fengið í júnímánuði 1881. Þetta kemur nú í öllu verulegu heim við skýrslu áfrýjanda; þó hefur hann getið þess, að hann hafi látið stefnda fá fiskilóð, 8 kr. virði, en með því að hann eigi hefur tekið þessa upphæð inn í reikning sinn yfir greiðslurnar upp í skuldina (sjá varnarskjal hans í hjeradi 10. júní f. á.), þá verður henni eigi gaumur gefinn, þótt stefndi hafi eigi sjerstaklega mót-mælt henni, en til þess hafði hann eigi ástæðu, úr því að hún eigi var tekin upp í skuldargreiðslureikn-

inginn, eins og áður segir. Um andvirði bátsins eru málspartar og ósamdóma; vill áfrýjandi telja það 100 kr., en stefndi að eins 70 kr. Eptir málavöxtum þykir það sennilegast, að áfrýjandi hafi boðið bátinn, og hinn stefndi samþykkt að taka hann, upp í skuldina, þótt eigi væri það venjulegur borgunareyrir, og samkvæmt því verður eigi hjá því komizt, að taka umsögn stefnda um söluverð bátsins til greina, úr því að áfrýjandi eigi hefur sannað, að þeim hafi samizt um hærra verð. Samkvæmt þessu hafa eptirstöðvar hinnar umstefndu skuldar í júlímánuði 1881 verið 26 kr., er enn standa ógreiddar. Eptir skuldabryfinu 10. nóv. 1873 átti áfrýjandi að borga vexti af skuld sinni til stefnda; með því að rentuhæðin ekki er ákveðin, verður að álíta að samþykkt hafi verið venjuleg lagarenta, 4 af hundraði. Að vísu hefur áfrýjandi viljað halda því fram, að stefndi hafi um mörg ár fyrir 1881 opt og tíðum legið uppi á búi hans, og þegið hjá honum gistingar og góðar viðtökur, og hafi stefndi með þessu móti fengið fullt endurgjald fyrir vexti af skuldinni, en til þessara andmæla verður þó ekkert tillit tekið, úr því að stefndi eigi vill kannast við, að þessar góðgjördir hafi verið lögmæt borgun upp í vextina. — Eptir framanrituðu verður að fallast á dóm undirrjettarins bæði með tilliti til höfuðstólseptirstöðva þeirra, er hann dæmir til handa stefnda, og með tilliti til vaxta-upphæðanna (kr. 5,78 + 157,16 + 0,39 + 1,01 = samtals kr. 164,34), er álitast rjett reiknaðar, enda hefur áfrýjandi eigi athugað neitt við sjálfan útreikninginn á vöxtunum. Tjéðan undirrjettardóm ber því að staðfesta, einnig máls-

kostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi á áfrýjandi að greiða stefnda 15 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Áfrýjandi Guðmundur Guðmundsson greiði hinum stefnda Otta Guðmundssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 15—fimmtán—krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júnimán.

Nr. 4/1888.

Stjórnendur sparisjóðs á Ísafirði
gegn

Jakobi bónda Rósinkarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði fyrir gestarjetti Ísafjardarkaupstaðar af stjórnendum sparisjóðs á Ísafirði gegn Jakobi bónda Rósinkarssyni í Øgri til lúkningar á eptirstöðvum á skuld Þorkels nokkurs Jónssonar, trjesmiðs á Ísafirði, að upphæð 100 kr., er hann hafði tekið ábyrgð á sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, en með dómi gestarjettar Ísafjardarkaupstaðar, gengnum 16. dag septembermán. 1887, var Jakob að eins dæmdur til að greiða stefnanda 50 kr. með 7^o/_o vöxtum frá 11. júní 1887 til borgunardags, og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hafa stjórnendur sparisjóðs á Ísafirði skotið til landsyfirdómsins með stefnu, dags. 4. febr. þ. á., og krafizt að hinn stefndi, Jakob Rósinkarsson,